

DAGSKRÁ VÍSINDAVÖKU 2007

Rannís stendur í þriðja sinn fyrir Vísindavöku
– **stefnumóti við vísindamenn, föstudaginn 28. september.**
Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu.

Vísindavakan verður haldin í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu og stendur frá kl. 18.00-21.00. Á vökunni verður fróðleikur á hverjum fermetra og kjörið fyrir alla að líta við, bæði unga og aldna og alla þar á milli.

Í aðdraganda Vísindavökkunnar verður bryddað upp á ýmsu skemmtilegu. Þar má fyrst nefna Vísindakaffið, sem hellt verður upp á, á hverju kvöldi í Kaffistofu Listasafns Reykjavíkur 23. – 27. september frá 20:00 – 21:30. Þar verða til umfjöllunar mál eins og peningar og hamingja, örtækni, afbrot og svefn og heilsa. Kaffistjóri verður Davíð Þór Jónsson.

Rannís stendur einnig fyrir ljósmyndakeppni fyrir ungmenni á aldrinum 16-23 ára, teiknisamkeppni fyrir börn á aldrinum 9-11 ára og veitt verða verðlaun til aðila fyrir framlag til vísindamiðlunar.

Allar frekari upplýsingar um Vísindavökuna veitir Elísabet M. Andrésdóttir, netfangið er elisabet@rannis.is.

Ljósmyndakeppni fyrir ungmenni á aldrinum 16-23 ára.

Pema keppinnar er „Tilraun í þágu vísinda“ og er ætlast til að ljósmyndarar fangi vísindatilraun á hvaða sviði vísinda sem er.

Reglur og skil: Myndinni skal skila inn rafrænt. Myndir mega vera bæði jpg. eða tif., en án layera eða maska. Gæði myndanna og frágangur hafa áhrif á mat dómnefndar.

Myndin sendist til: elisabet@rannis.is.

Vegleg verðlaun verða veitt fyrir bestu myndina: Fujifilm Finepix Z5fd frá Ljósmyndavörum ehf, sem var valin (compact) vél ársins 2007 af TIPA.

Dómnefnd: Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari, Gísli Gestsson, hjá Ljósmyndavörum ehf. og Rebekka Valsdóttir, sviðsstjóri hjá Rannís.

Síðasti skiladagur er 19. September 2007.

Teiknisamkeppni fyrir börn á aldrinum 9-11 ára.

Pema keppinnar er „Hvernig hafa vísindin áhrif á daglegt líf mitt“. Markmiðið er að vekja börnin til umhugsunar um þau miklu áhrif sem vísindin hafa á daglegt líf okkar.

Myndin sendist til: Teiknisamkeppni barna, Vísindavaka, Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík. Merkja þarf myndina með fullu nafni barns, aldri, heimilisfangi og símanúmeri /netfangi ásamt nafni forráðamanns.

Vegleg verðlaun verða veitt á Vísindavöku RANNÍS í Listasafni Reykjavíkur 28 september.

Síðasti skiladagur er 19. september 2007.

Hvern vilt þú tilnefna? VERÐLAUN RANNÍS FYRIR FRAMLAG TIL VÍSINDAMIÐLUNAR

Vísindamiðlunarverðlaun RANNÍS eru veitt einstaklingi fyrir sérstakt framlag til vísindamiðlunar. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi vísindamiðlunar fyrir samfélagið sem felst m.a. í því að auka skilning almennings á vísindum, tækniþróun og nýsköpun. **RANNÍS óskar eftir tilnefningum** um verðlaunahafa frá hvaða sviði vísinda, tækni og fræða sem er. Með framlagi til vísindamiðlunar er átt við sérstakt framtak sem miðar að því að auka skilning og áhuga almennings á öllum aldri á vísindum og nýsköpun og mikilvægi þeirra í nútímasamfélagi. Öllum er heimilt að senda inn tilnefningar til verðlaunanna. Með tilnefningu skal fylgja lýsing á viðkomandi framlagi. Við val á verðlaunahafa verður lagt mat á brautryðjendastarf, frumleika og þann árangur sem viðkomandi einstaklingur hefur skilað til vísindamiðlunar. **Frestur til að skila inn tilnefningum er til 14. september 2007.** Tilnefningum má skila inn til RANNÍS, Laugavegi 13, 101 Reykjavík, eða með tölvupósti til rannis@rannis.is merkt Vísindamiðlunarverðlaun. Dómnefnd skipa: Edda Lilja Sveinsdóttir frá vísindaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, Viðar Hreinsson framkvæmdastjóri Reykjavíkur Akademiunar, Ari Ólafsson Háskóla Íslands, verðlaunahafi árið 2006 og Elísabet M. Andrésdóttir alþjóðasviði RANNÍS.

Vísindakaffi

Vísindakaffin verða fjögur þar sem til umfjöllunar verða mál eins og **peningar og hamingja, örtækni, afbrot og svefn og heilsa.** Vísindakaffikvöldin hafa notið mikilla vinsælda og ávallt verið fullt út úr dyrum og allir skemmt sér vel. *Kaffistjóri verður að venju, Davíð Þór Jónsson.*


Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 28. september frá kl.
18:00 til 21:00



RANNÍS

